

EDDA BJÖRGVINDÓTTIR
Hefur lengi kennt
á námskeiðum
nám bílar ferðir
allt í MIÐJU BLAÐSINS



EIRÍKUR HAUSSON
Samdi þrjá texta
fyrir Hara-systur
Plata á leiðinni
FÓLK 30



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. september 2007 – 247. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR



Slegist um stjórnurnar

Auðunn Blöndal fær ekki að taka þátt í spurningaþætti á RÚV.

FÓLK 30

Kanye sigraði 50 Cent

Ný plata Kanye West fær betri dóma en plata keppinautarins 50 Cent. Þeir höfðu háð mikið áróðursstríð um nýju plötur sínar.

TÓNLIST 24



Fillinn og filsunginn

Glæst filahjörð sósíaldemókrata gengur í eina slóð á eftir hljóðpípuleik Nikulásars Stefáns Sarkozys af Nagy-Bocsa, skrifar Einar Már Jónsson. En filsungarnir bíða álangdar.

Í DAG 16




Eiður byrjar ekki

Eyjólfur Sverrisson segir afar ólíklegt að Eiður Smári Guðjónsen byrji gegn Norður-Írum í kvöld.

ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



MIKIL RIGNING þegar kemur fram á daginn verður norðaustan hvasvirdri á Vestfjörðum og norðvestan til, annars hægari suðaustlæg átt. Rigning um allt land þegar kemur fram á daginn og mikil rigning sunnan og vestan til. Hiti 6-13 stig.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkíð ...

FYLGIR MED FRÉTTABLAÐIÐ Í DAG

MARKAÐURINN

Stærsta vaxandi markaðurinn í skýrri fjárfestingu

Væðing vaxandi markaðs

Stærsta vaxandi markaðurinn í skýrri fjárfestingu

Væðing vaxandi markaðs

Stærsta vaxandi markaðurinn í skýrri fjárfestingu

Væðing vaxandi markaðs



Áttunda banaslysið á árinu: Skullu saman á Suðurlandsvegi

SLYS Karlmaður lét lífið í árekstri á Suðurlandsvegi milli Hveragerðis og Selfoss á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi lenti fólksbíl á austurleið framan á vörubíl sem var á leið vestur með þeim afleiðingum að ökumaður fólksbílsins lést. Slysið varð við afleggjarann að Kirkjuferju.

Ökumenn beggja bifreiðanna voru einir á ferð. Sá sem ók vörubílnum var fluttur á slysa-deild en slapp með minni háttar meiðsli. Þetta er áttunda banaslysið í umferðinni á árinu og hið fimmta sem verður í umdæmi Selfosslögreglunnar.

- sps

Á VETTvangi Maðurinn er talinn hafa látist samstundis. Rannsóknarnefnd umferðarslysa rannsakar nú hvernig slysið bar að.

MYND/EGILL BJARNASON

Vilja að kvöðum um nýtingu verði aflétt

Forsvarsmenn HB Granda vilja að kvöðum um að lóðir fyrirtækisins verði nýttar undir sjávarútvegstarfsemi verði aflétt. Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóa, segir ekki koma til greina að breyta skipulaginu að kröfu HB Granda.

SKIPULAGSMÁL Forsvarsmenn HB Granda vilja að Faxaflóahafnir falli frá því að nýta landfyllingu út frá Norðurgarði undir sjávarútvegstarfsemi og aflétti „jafnframt núgildandi kvöðum um nýtingu á þeim lóðum, sem HB Grandi hefur nú þegar til umráða með leigusamningum.“ eins og orðrétt segir í bréfi sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda, ritaði bréfið til stjórnar Faxaflóahafna.

Í bréfinu segir jafnframt að það sé „engin þörf fyrir þetta land [lóðir HB Granda] undir starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja, nema

ætlunin sé að laða að höfuðborginni starfsemi, sem annars stuðlaði að byggð í dreifbýlinu“.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir ekki koma til greina að breyta skipulaginu að kröfu HB Granda um lóðirnar en stjórnin fjallaði um erindi HB Granda í gær. „Stjórn Faxaflóahafna er einhuga um að þetta umrædda svæði, þar sem HB Grandi er með starfsemi, er skipulagt fyrir fiskvinnslu og útgerð og því verður ekki breytt. Hugmyndir þeirra [forsvarsmanna HB Granda] ganga ekki eftir.“

HB Grandi ákvað í sumar að flytja landfiskvinnslu frá Reykjavík til Akraness í kjölfar ákvörðunar

ríkisstjórnarinnar um niðurskurð á aflaheimildum. Forsvarsmenn HB Granda hafa ekki haldið öðru fram en að niðurskurðurinn sé eina ástæðan fyrir flutningnum.

Gísli segir stjórn Faxaflóahafna vera tilbúna til þess að vinna með HB Grandi að því að byggja upp frekari vinnslu á Akranesi eins og fyrirtækið hefur áformað. „Við lítum á þetta sem tvö óskyld mál, uppbyggingu vinnslu á Akranesi annars vegar og ósk um breytta nýtingu á lóðum fyrirtækisins hins vegar.“

Ekki náðist í Árna Vilhjálmsson né Eggert B. Guðmundsson, forstjóra HB Granda.

- mh

REI ætlar sér stóra hluti: Flytja út íslenska jarðhitapekkingu

ORKUMÁL Reykjavík Energy Invest (REI) ætlar sér að verða leiðandi á heimsvísu á sviði nýtingar jarðvarma. Þekking á því sviði er hvergi meiri í heiminum en hér á landi. Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, er nýr stjórnarformaður félagsins en hann hefur sjálfur lagt 500 milljónir í félagið. Orkuveita Reykjavíkur verður kjölfestufjárfestir í félaginu með 40 prósentu eignarhlut.

Bjarni og Guðmundur Þór-oddsson, forstjóri Orkuveitunnar og starfandi forstjóri REI, kynntu stórhuga áform félagsins á fundi í höfuðstöðvum Orkuveitunnar í gær.

- mh / sjá síðu 10



BJARNI ÁRMANNSSON

Utanríkisráðherra segir Ísland ekki lengur á lista yfir þjóðir sem studdu innrás í Írak:

Ekki á lista staðfastra þjóða

STJÓRNMÁL „Ég vil ekki endilega meina að sú aðgerð ein og sér, að kalla upplýsingafulltrúa frá Írak, hafi tekið okkur af listanum. En það er nú samt þannig að núna erum við ekki lengur á þessum lista og það er breyting frá því sem var,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Hún segist hafa tekið eftir því að Ísland væri ekki lengur á lista yfir 30 „staðfastar“ þjóðir sem studdu innrásina í Írak sem hófst 20. mars 2003. Listinn var gefinn út einhliða af bandarískum stjórnvöldum.

Íslensk stjórnvöld studdu innrásina en Halldór

Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, og Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, tóku einir ákvörðun um pólitískan stuðning við hana.

Jón Ormur Halldórsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, segir augljóst að stefnubreyting hafi orðið hjá ríkisstjórninni í utanríkismálum. „Það er erfitt að meta áhrif þessarar stefnubreytingar. Fyrst og fremst held ég að það hafi verið slæmt inn á við, og að einhverju leyti út á við, að Ísland hafi verið á þessum lista sem var umtalaður um allan heim.“

- mh / sjá síðu 6

SORPA sorpa.is

Taktu þátt
Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan dagblöð

lesum skilum endurvinnnum

VEIÐI GRÆJUR fyrir BAR FERÐIR

Landsbankinn

Ég ætlaði bara að fá mér fiölu

Það skiptir máli að spara á réttum stað.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%***.

Enginn annar íslenskur peningamarkaðssjóður náði yfir 15% á sama tímabili*.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is



Hinninn og haf / SIA - 9071096

75 ára |  **spron**

VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007 skv. sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

Spennandi ráðstefna um hugbúnaðarlausnir og rekstrarþjónustu

Haustráðstefna Skýrr 2007

- ✓ Föstudagurinn 14. september
- ✓ Nordica Hotel í Reykjavík
- ✓ Stærsti viðburður haustsins í upplýsingatækni
- ✓ Einstæð heildarsýn á upplýsingatækni fyrir atvinnulífið
- ✓ Vandaðir fyrirlestrar fyrsta flokks sérfræðinga
- ✓ Frábært tækifæri til að hitta kollegana
- ✓ Veisla um kvöldið með skemmtiatriðum og balli
- ✓ Skráning og dagskrá á skýrr.is

5 fyrirlestralínur, 35 fyrirlestrar,
10 erlendir fyrirlesarar

Microsoft

- ✓ Viðskiptalausnir
- ✓ Samþætting
- ✓ Skjalastjórnun
- ✓ Viðskiptatengsl

Oracle VL

- ✓ Viðskiptalausnir
- ✓ Fjárhagur
- ✓ Mannauður
- ✓ Verkefnastjórnun

Rekstrarþjónusta

- ✓ Gagnavistun
- ✓ Hýsing
- ✓ Kerfisleiga
- ✓ Öryggislausnir
- ✓ Símalausnir

Viðskiptagreind

- ✓ Business Objects
- ✓ Microsoft
- ✓ Oracle

Oracle GT

- ✓ Grunntækni
- ✓ Data Integrator
- ✓ Hyperion
- ✓ 11g
- ✓ OLAP
- ✓ SOA

Haustráðstefna Skýrr 2007 er haldin í samvinnu við



Allt á
einum stað

Skýrr



NÁMSMANNA-
ÞJÓNUSTA BYRS

BYRjaðu með rétta kortið fyrir námsmenn!



- Alltaf þér að kostnaðarlausu
- Engin færslugjöld
- 5000 króna ferðaávvísun fylgir með
- Þú safnar 4 krónum aukalega þegar þú verslar fyrir 1000 krónum

Líttu við á www.byr.is og þú gætir unnið

Aukasöfnun hjá yfir 60 fyrirtækjum





- 1 Hvaða heitir lögmaður McCann-hjónanna, sem gat sér frægðar fyrir að verja Pinochet?
- 2 Hvaða íslenski ljósmyndari myndar fyrir Lexus og Rolex?
- 3 Hvað heitir rússneski auðkýfingurinn sem vill kaupa Arsenal?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30



ALLIR MEÐ STRÆTÓ Farþegar fóru 36 þúsund fleiri ferðir í strætó í ágúst 2007 en í ágúst 2006.

Frítt í strætó ber árangur:

Fleiri farþegar í strætó en áður

SAMGÖNGUR Fimm prósentu aukning varð á notkun strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu í ágúst árið 2007 miðað við á sama tíma í fyrra. Vöxtinn má rekja til fríkorta sem framhaldsskólanemar notuðu síðustu vikuna í ágúst.

Pálmi Freyr Randversson, sérfræðingur í samgöngumálum á umhverfissviði, segir almenna ánægju ríkja meðal námsmanna með Frítt í strætó- verkefnið og hann hafi heyrt af mörgum nemendum sem hafi selt bíla eða frestað bílakaupum vegna þess að þeir fá ókeypis í strætó. - lbb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Innbrot í Síðumúla

Tveir menn voru handteknir í fyrirótt stuttu eftir að tilkynnt var um innbrot í fyrirtæki í Síðumúla. Mennirnir voru stöðvaðir á Grensásvegi með tölur og annað göss úr innbrotinu.

Læknar hyggjast sjálfir auglýsa eftir gjafaeggjum með haustinu:

Konur brugðust við þörf á gjafaeggjum

HEILBRIGÐISMÁL „Það er mikill skortur á eggjum,“ segir Guðmundur Arason, kvensjúkdómalæknir hjá tæknifrjóvgunarstofunni Art Medica.

Fyrir skömmu auglýsti þar í Fréttablaðinu eftir gjafaeggjum. Þórhildur Óskarsdóttir lækni segir fólk stundum þurfa að grípa til þess úrræðis þar sem bið eftir gjafaeggjum geti verið löng og þá komi fyrir að fólk fari að óttast að vera komið af heppilegum aldri þegar röðin kemur loks að því á biðlista. Yfirleitt séu alltaf um fimmtán til tuttugu þör sem biði eftir gjafaeggjum.

Guðmundur segir að þegar hafi

nokkrar konur brugðist við auglýsingu fólksins og boðist til að gefa egg. „Það er bara tímaspursmál hvenær við förum sjálfir að auglýsa eftir gjafaeggjum fyrir konur, líklega verður það í haust“ segir Guðmundur. Hann segir eðlilegt að brugðist sé við með þeim hætti þegar skortur er á eggjum rétt eins og Blóðbankinn óskar eftir blóðgjöfum þegar útséð er með skort á blóði.

Guðmundur hvetur konur til að hugsa til þeirra kvenna sem ekki geta eignast börn án gjafaeggja. Það sé mun erfiðara en að gefa sæði en heilbrigðisyrivöld reyni að koma til móts við framlag



MIKILL SKORTUR Guðmundur Arason kvensjúkdómalæknir hvetur konur til að hugsa til þeirra kvenna sem þurfa á gjafaeggjum að halda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON þeirra með því að greiða konum sem tilbúnar eru að gefa egg svo kallað óþægindagjald, en það nemur um 50 þúsund krónum. - kdk

Reiknistofa bankanna:

Heimabankar úr sambandi

BANKAR Samband Reiknistofu bankanna rofnaði við alla heimabanka í landinu fyrir miðnætti aðfaranótt mánudags en var komið aftur í lag þegar klukkan var tuttugu mínútur gengin í tvö.

Helgi H. Steingrímsson, forstjóri Reiknistofunnar, segir að bilunin hafi orðið í símatengibúnaði stofnunarinnar. Viðgerð hafi tekið lengri tíma en ella, því kalla þurfti út tæknimenn um nótt. Sem betur fer noti fáir heimabanka á þessum tíma.

Helgi telur að bilunin hafi ekki haft áhrif á hraðbanka, posa né bensíndætur. - kóp

Bæjarstjóri Hveragerðis sagður hafa leynt gögnum

Fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn Hveragerðis segja Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra hafa leynt gögnum og brotið lög með kaupum á húsnæði fyrir slökkvilið. Hneykslanlegar aðdróttanir, segir Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og aðrir fulltrúar meirihluta sjálfstæðismanna í bæjarstjórn.

STJÓRNÍSLSLA „Bæjarstjóri virðir að engu þau lög sem gilda um meðferð opinberra fjármuna né heldur viðhefur lýðræðisleg og fagleg vinnubrögð,“ fullyrðir minnihluti A-listans í bæjarstjórn Hveragerðis.

Ofangreind tilvitnun er úr bókun fulltrúa A-listans á síðasta bæjarstjórnarfundum. Þá voru til umræðu kaup bæjarins á húsnæði í Austurmörk 20 fyrir slökkvilið bæjarins. Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri hafði skrifað undir kauptilboð í húsið og lagði fram tillögu um kaupin. Minnihlutinn sagði kaupin vera bráðabirgðalausn því samkvæmt aðalskipulagi ætti húsið að víkja. Þetta myndi kosta bæjarsjóð tugi milljóna króna. Sögðu fulltrúar minnihlutans Aldísi bæjarstjóra hafa skrifað undir kauptilboð fyrir hönd bæjarfélagsins án heimildar bæjarstjórnar.

„Bæjarstjóri hefur orðið uppvís að því að leyna minnihluta gögnum sem tengjast þessu máli og unnin voru af starfsmönnum bæjarins tæpum tveimur mánuðum fyrir ákvarðanatöku bæjarstjóra“, bókaði



ALDÍSI HAFSTEINSDÓTTIR Bæjarstjórnirinn og félagar hennar í meirihluta bæjarstjórnar segja minnihlutann vega með hneykslanlegum hætti að æru Aldísar Hafsteinsdóttur með ásökunum um hún hafi leynt gögnum og brotið lög. MYND/EGILL BJARNASON

minnihlutinn. Gögnin sem um ræðir mun vera greinargerð um ástand hússins á Austurmörk 20. Minnihlutinn sagði Aldísi enn fremur hafa brotið ákvæði sveitarstjórnarlaga með því að

efna til útgjaldanna án fyrri samþykktar sveitarstjórnar.

Aldís Hafsteinsdóttir og aðrir fulltrúar meirihluta sjálfstæðismanna brugðust hart við ásökunum A-listamanna:

„Meirihluti sjálfstæðismanna telur aðdróttanir hneykslanlegar og ærumeiðandi fyrir bæjarstjóra og störf hans“, bókuðu sjálfstæðismenn sem kváðu fulltrúum minnihlutans vera fullljóst að aðkoma bæjarstjóra að málinu væri eðlileg í alla staði:

„Það er alsíða að bæjarstjórn skrifi undir tilboð og samninga með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar eins og gert var í þessu tilviki. Því var ekki stofnað til neinna útgjalda fyrir bæjarfélagið án samþykkis bæjarstjórnar“, sögðu sjálfstæðismenn.

„Þetta er kannski dálítið strangt til orða tekið hjá okkur með að hún hafi skuldbundið bæinn án heimildar,“ viðurkennir Róbert Hlöðversson, bæjarfulltúi minnihlutans. Hann segir A-listan hafa viljað leggja áherslu á lýðræðislega umræðu: „Við erum fulltrúar um 45 prósent bæjarbúa en fáum ekkert að vita um málið fyrr en bæjarstjórnin leggur fram tilboð.“ gar@frettabladid.is

Espresso upplifun.

LAVAZZA
ITALY'S FAVOURITE COFFEE



OSAMA BIN LADEN Á nýja myndbandinu heyrðist rödd hans meðan þessi stillimynd úr fyrra myndbandi var sýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Myndband sem birt var í tilefni af 11. september:

Bin Laden hvetur píslarvotta til verka

BANDARÍKIN, AP Í nýju myndbandi hvetur Osama bin Laden skoðanabræður sína um heim allan til þess að „stökkva á vagninn“ og gerast píslarvættir með því að fremja hryðjuverk að fyrirmynd þeirra sem réðust á Bandaríkin haustið 2001.

Þetta segir hann í nýju myndbandi sem samtök hans, al-Kaída, sendu frá sér í gær, 11. september, réttum sex árum eftir hryðjuverkin miklu. Á myndbandinu sést þó einungis kyrrmynd af honum, en röddin heyrir þýlja boðskapinn undir niðri.

Birthing myndbanda með Osama

bin Laden, bæði í gær og á laugardaginn, þykir undirstrika það að bandaríska herveldinu hefur ekki tekist að hafa hendur í hári hryðjuverkaleiðtögun, nærri sex árum eftir að Bush forseti lofaði bandarísku þjóðinni því að ná honum „dauðum eða lifandi“.

Mike McConnell, yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar, fullyrta í gær að al-Kaída, samtök Osama bin Ladens, hefðu enn fullan hug á því að láta til skarar skrifa í Bandaríkjunum og leyniþjónustan gæti engan veginn tryggð að það tækist ekki einhverntímann. - gb

Sjáðu sjónvarpið!



**Verð
169.900**

42PC52
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms



**Verð
149.900**

42PC1RR
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
Svartími innan við 1ms
80GB upptökudiskur

**80 GB
UPPTÖKU
DISKUR**



**Verð
269.900**

50PC1RR
50" Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.000
Svartími innan við 1ms
80GB upptökudiskur

**80 GB
UPPTÖKU
DISKUR**



**Verð
259.900**

42LY95
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms



**Verð
224.900**

37LF65
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms



**Verð
189.900**

42LC2RR
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
80gb upptökudiskur

**80 GB
UPPTÖKU
DISKUR**



**Verð
164.900**

37LC2RR
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
80gb upptökudiskur

**80 GB
UPPTÖKU
DISKUR**



**Verð
219.900**

42LC2D
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari



**Verð
189.900**

37LC2D
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari



**Verð
179.900**

42LC51
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms



**Verð
159.900**

37LC51
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms



**Verð
109.900**

32LC51
32" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 8ms



**Verð
105.900**

26LC51
26" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Life's Good



HORFT ÚT Í RIGNINGUNA Það rigndi mikið í Hyderabad á Indlandi í gær, þar sem þessi tvö börn horfðu út um rúðu strætisvagns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugfreyjufélag Íslands kom saman til fundar í fyrradag: Telja brotið á samningum lausráðinna

KJARAMÁL Stjórn Flugfreyjufélags Íslands mun koma aftur saman í næstu viku til að ræða ályktun sem félagsmenn sem starfa hjá Icelandair samþykktu í fyrradag. Stjórn Flugfreyjufélagsins hittist strax í gær að félagsfundum loknum en að sögn Ástríðar Ingólfsdóttur, varaformanns félagsins, verður niðurstaða stjórnarfundarins ekki gefin upp að svo stöddu.

Félagsmenn Flugfreyjufélagsins hjá Icelandair samþykktu ályktun á fimmtudag þar sem uppsagnir fastráðinna flugfreyja og flugþjóna eru harmaðar. Þá telur fundurinn að brotið hafi verið á kjarasamningum lausráðinna starfsmanna er varða áframhaldandi ráðningar og er stjórn Flugfreyjufélagsins einróma hvött til að grípa til aðgerða vegna málsins. Þá hvöttu fundargestir, sem og stjórn Flugfreyjufélagsins, félagsmenn til að hvika ekki frá útgefni vinnuskra. „Vinnuskrár fyrir þennan mánuð gefa heldur ekki ástæðu til aukavinnu því þær eru allar í toppi,“ segir Ástríður.



FLUGFREYJUR FUNDA Félagmenn Flugfreyjufélags Íslands sem starfa hjá Icelandair funduðu í fyrradag og stjórn Flugfreyjufélagsins strax á eftir. MYND/ROSA

Talsmaður Icelandair segist vona í lengstu lög að ákvarðanir Flugfreyjufélagsins muni ekki hafa áhrif á flug fyrirtækisins. - kh

Leikfélag Akureyrar í sókn: Unglingarnir koma í hópum

MENNING Ungmenni, 25 ára og yngri, kaupa um þriðjung seldra áskriftarmiða hjá Leikfélagi Akureyrar.

„Við erum að ala upp nýja kynslóð leikhúsgesta og hingað koma krakkar, sumir fæddir árið 1993, að kaupa sér kort. Það er svo gaman að þeim brosandí og kátum og ekkert nema kurteisín,“ segir Þóra Hjaltadóttir hjá LA.

Hún bendir á að ódýrara er fyrir krakkana að sækja sýningu hjá LA en að fara á íslenska kvikmynd, miðað við að keyptir séu fjórir miðar á 987 krónur. Miði á íslenska mynd getur kostað allt að 1.200 krónur. - kóp

SÓMA BAKKAR

SÓMI

NÝTT

PÍTUBAKKI 2.390 kr.

Tikka masala kjúklingur, jöklasalatog pítubrauð.

Reykt skinka, eggjasalat, jöklasalat og pítubrauð.


NÝTT

ÁVAXTABAKKI 2.480 kr.

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir.

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

Nánari upplýsingar á somi.is *Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 3 eða fleiri bakkar.



REI ætlar að verða leiðandi á heimsvísu

Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, er nýr stjórnarformaður Reykjavík Energy Invest. Félagið ætlar að einbeita sér að verkefnum er byggja á nýtingu jarðvarma. Gríðarleg tækifæri á þessu sviði, segir Guðmundur Þóroddsson.

ORKUMÁL „Orkusviðið er vinsælt hjá fjárfestum um allan heim en ég held að við Íslendingar höfum ákveðið forskot þegar kemur að þekkingu á jarðhita, og það þurfum við að nýta hratt,“ sagði Bjarni Ármannsson, nýr stjórnarformaður Reykjavík Energy Invest (REI), að loknum kynningarfundum fyrir tækisins í gær.

Bjarni og Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar og starfandi forstjóri REI, sögðu félagið standa frammi fyrir miklum tækifærum og það ætlaði sér að verða leiðandi á heimsvísu á sviði nýtingar jarðvarma.

Orkuveita Reykjavíkur verður kjölfestufjárfestir í félaginu með 40 prósent hlutfjár en félagið stefnir að því að afla um 50 milljarða króna, frá innlendum og erlendum fjárfestum, til þess að ráðast í verkefni á sviði nýtingar jarðhita í heiminum. Bjarni hefur sjálfur lagt 500 milljónir króna í félagið.

Er Bjarni var forstjóri Glitnis kom hann að stofnun Geysir Green Energy sem einnig starfar á sviði nýtingar jarðvarma en það félag er í eigu FL Group, Atorku, Glitnis, VGK Invest ehf., Bar Holding og Reykjanesbæjar. Hann segist ekki líta svo á að þessi félög verði í harðri samkeppni. „Tækifærin á sviði nýtingu jarðvarma í heiminum eru það stór og mörg að hvorki Reykjavík Energy Invest né Geysir Green Energy munu ná utan um þau. En við eigum í samstarfi sem gengur vel,“ sagði Bjarni.

REI á hlut í Enx, Enx-Kína,



TEKIST Í HENDUR Stjórnarmenn og stjórnendur Reykjavík Energy Invest sjást hér með Bambang Kustono, framkvæmdastjóra Indónesíska fyrirtækisins Pertamina, og Sukma Prawira, yfirverkfæðingi þessi. Fyrirtækin hyggja á samstarf en orkumálaráðherra Indónesíu skrifa undir viljafyrirsögu þess efnis í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JARÐHITAORKA EFTIR HEIMSÁLFUM

	Nýtt orka	Vannýtt
Norður-Ameríka	3.500	30.000
Asía	3.300	42.000
Evrópa	1.124	15.800
Eyjaaíla	441	9.000
Suður- og Mið-Ameríka	424	38.000
Afrika	136	14.000
Samtals í heiminum	8.933	148.000

*í megavöttum

Galantaterm og Iceland America Energy en fjölmörg verkefni á sviði jarðhitavirkjana eru skoðun hjá þessum félögum. Þá er PNOOC-EDC, stærsta orkufyrirtæki á Filippseyjum, að vinna að verkefnum með REI en það fyrirtæki er nú í einkavæðingarferli, sem forsvarsmenn REI fylgjast grannt með.

Bjarni segir fjölmörg verkefni bíða stjórnar nýs fyrirtækis en auk hans eiga Björn Ingi Hrafnsson, varaformaður stjórnar Orkuveitunnar, og Haukur Leósson, formaður stjórnar Orkuveitunnar, sæti í stjórn REI.

„Fyrstu skrefin fara í að ná utan um verkefni sem við erum með og átta sig á því hvernig þeim er best fyrir komið. Það þarf að búa til stefnu sem gerir það að verkum að fyrirtækið geti orðið leiðandi á heimsvísu á þessum markaði. Það þarf að gerast hratt vegna þess hve áhugi fjárfesta í heiminum á þessum málum er mikill. Með skýrri stefnu ættum við að geta laðað til okkar áhugaverða fjárfesta og það er okkar markmið.“

magnush@frettabladid.is

3M gluggafilmur fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði

Fagmenn frá RV sjá um uppsetningu

Glerfínar gluggafilmur

– aukin vellíðan á vinnustaði

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ | ARMANI
JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.


LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



Herra
Tagewinn
outlet

**Troðfull verzlun af
merkjavöru !**

50%

**afsláttur
af herravörum**

Nýtt

70%

**afsláttur
af kvennvörum frá**

BOSS
HUGO BOSS
og
SAND

ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

Óbreytt vanskilahlutföll:
**Vanskil í sögu-
 legu lágmarki**

EFNAHAGSMÁL Vanskil af útlánum eru nú í sögulegu lágmarki, og stendur hlutfall vanskila af útlánum í 0,6 prósentum í lok annars ársfjórðungs, samanborið við 0,7 prósent í lok fyrsta ársfjórðungs.

Hlutfallið hefur verið á bilinu 0,5-0,7 prósent frá árslokum 2005. Þetta kemur fram í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins.

Vanskilahlutfall einstaklinga var 0,8 prósent, sem er óbreytt staða frá síðustu tveimur ársfjórðungum. Vanskilahlutfall fyrirtækja var 0,5 prósent, sem er óbreytt hlutfall frá árslokum 2006. - bj

Ákveðið var að hætta að kenna pólsku við Grunnskólann í Bolungarvík:

Foreldrar vilja að kennslan hefjist aftur

MENNTAMÁL Tuttugu foreldrar pólskra barna á grunnskólaaldri í Bolungarvík eru ósáttir við að ákveðið hafi verið að hætta að kenna pólsku við grunnskólann í bænum. Pólska hefur verið kennd í skólanum í sex ár. Fyrir haustönnuna 2007 var tekin ákvörðun um að hætta kennslu tungumálsins af sparnaðar-ástæðum.

Renata Anna Novak er einn af foreldrunum tuttugu. „Við viljum að pólskukennsla hefjist aftur án tafar í skólanum,“ segir Renata.

18 nemendur af þeim 134 sem eru í Grunnskóla Bolungarvíkur

eru ættaðir frá Póllandi. Renata segir að börnin átján eigi að fá að læra móðurmál sitt eins og íslensk börn í Bolungarvík fá að læra sitt. Hún segir að sumar pólskar fjölskyldur muni ekki búa á Íslandi til frambúðar og þess vegna sé mikilvægt að þau læri pólsku.

„Það er undarlegt að það sé sparað með því að minnka þá þjónustu sem þessi börn fá,“ segir Renata.

Foreldrarnir tuttugu hafa sent undirskriftalista til félags- og menntamálaráðuneytisins þar sem þessari ákvörðun stjórnenda skólans er mótmælt. - ifv



GRUNNSKÓLINN Í BOLUNGARVÍK Tuttugu foreldrar pólskættaðra barna á grunnskólaaldri vilja að aftur verði byrjað að kenna pólsku við Grunnskólann í Bolungarvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON



ÓÁNÆGJA Stuðningsmenn Sharifs hrópa slagorð á útifundi í Islamabad í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnsmál í Pakistan:
**Sharif áfrýjar
 brottvísun**

PAKISTAN, AP Fyrir hönd Nawaz Sharif, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans sem var gerður afturreka er hann reyndi að snúa aftur úr útleögð í byrjun vikunnar, lögðu lögmennt í gær fram áfrýjun hjá hæstarétti Pakistans, þar sem farið er fram á að ákvörðunin um brottvísun hans verði ógilt.

Með þessu hefur enn eitt ágreiningsatriðið bæst við milli hæstaréttar og Pervez Musharafs, hershöfðingja og forseta landsins, sem steypti Sharif af stóli á sínum tíma árið 1999.

Í síðasta mánuði úrskurðaði rétturinn að Sharif hefði ótví-
 ræðan rétt til að snúa heim. - aa

Forsetakosningar í Gvatemala:
**Hershöfðingi og
 kaupskýslumaður**

GVATEMALA, AP Fyrrverandi hershöfðingi etur kappi við fyrrverandi kaupskýslumann í úrslitum forsetakosninganna í Gvatemala, sem verða í nóvember.

Kaupskýslumaðurinn Álvaro Colom heitir því að berjast gegn fátækt og auka almenna velsæld en hershöfðinginn Otto Pérez vill takast á við glæpamenn, sem setja mark sitt á þjóðlífið.

Colom fékk fleiri atkvæði, eða 28 prósent, í fyrri umferð kosninganna á sunnudag, en Pérez fékk 24 prósent.

Um fimmtíu manns hafa látið lífið í blóðugri kosningabaráttunni hingað til. - kóp

LÖGREGLUFRETTIR

Klósettum stolið

Brotist var inn í nýbyggingu í Tröllakór í Kópavogi í fyrrinótt. Talið er að fleiri en einn þjófur hafi verið að verki og stálu þeir mikið af verkfærum, klósettum og öðrum hreinlætistækjum. Ekki er vitað hverjir voru að verki en lögreglan rannsakar málið.

Eldur í Pennanum

Slökkviliðið var kallað út að Pennanum í Hafnarfirði í gærmorgun. Eldur hafði kviknað í neyðarlýsingu við útgang. Tveir reykkafarar fóru inn og slöktu eldinn áður en hann náði útbreiðslu.



SIMPLY CLEVER



Afl og hagkvæmni

TDI

TDI[®] dísilvélin eyðir aðeins 4,9 lítrum*



Skoda Octavia

Skoda Octavia með **TDI[®]** dísilvél sannar að afl og hagkvæmni þarf ekki að vera mótsögn. Octavia **TDI[®]** er fánlegur beinskiptur, sjálfskiptur og með sí tengdu aldrifi.

Það sem oftast er aukabúnaður er staðalbúnaður í þessum glæsilega bíl.

- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- aksturstölv
- tengi fyrir iPod
- sex hátalarar
- hanskahólf með kælibúnaði
- sex loftpúðar
- hraðastillir (cruise control)
- þokuljós í framstuðara
- hiti í sætum
- hiti í speglum
- ISOFIX barnabílstólafestingar
- hæðarstillanleg sæti

*M.v. 100 km blandaðan akstur



TOYOTA HILUX
Kraftmikill vinnupjarkur með gott tog.

BÍLAR 2



ÓRIENTAL FERÐIR

Íslensk ferða-
skrifstofa
sérhæfir sig í
ævintýraferðum
um Suðaustur-Asíu.

FERÐIR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

jeppar.is

Fagleg og áreiðanleg aðstoð



Allir bílar eru
ástandsskoðaðir



Nissan Patrol Elegance
"35 minni breyting
04/2006. ek. 34 þ. km.
Verð 4.790.000.



Nissan Navara D/C Elegance "38 breyttur
08/2000. ek. 102 þ. km.
Verð 2.950.000.



Toyota Hilux D/C 2,5
5 gíra, 38" breyttur
04/2004. ek. 128 þ. km.
Verð 3.990.000.



Nissan Navara D/C LE
Leður, lúga o.fl.
04/2006. ek. 24 þ. km.
Verð 4.290.000.



Toyota Land Cruiser
120 LX "35 breyttur
06/2005. ek. 47 þ. km.
Verð 4.950.000.



Nissan Navara D/C LE
- Leður, lúga o.fl.
06/2006. ek. 33 þ. km.
Verð 3.420.000.



Edda miðlar sínum fróðleik í léttum dúr þótt undirdaldan sé þung.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leynivinnan mín lengi

Edda Björgvinsdóttir leikkona hefur mörgu að miðla og lífsstíls- og sjálfstyrkingarnámskeið hennar eru þekkt.

„Námskeiðahald hefur verið leynivinnan mín ansi lengi og ég hef sinnt henni milli leikæfinga og sýninga," segir Edda og brosir sínu hjartasta þegar hún er spurð út í fræðslustarf sitt. Hún kveðst til dæmis í mörg ár hafa reynt að lifa heilbrigðu lífi og hafa ýmis góð ráð á takteinum í því sambandi. Í kvöld ætlar hún að vera með fyrirlestur í Yggdrasil þar sem áherslan verður á hollan lífsstíl og heilbrigði húðarinnar og annað kvöld fjallar hún um heilsusamlegt mataræði í Manni lifandi.

„Ég er búin að vera dugleg að taka mataræðið í gegn og nú er ég farin að velja vel það sem ég set á húðina vegna þess að ég er búin að horfast í augu við að eitrefnin fara líka þá leið," segir hún. „Svo er það allt mögulegt sem hefur áhrif á líðan og útlit. Eins og til dæmis hvað maður hugsar, hvernig maður

sefur, hvaða fólk maður umgengst og hvaða vinnu maður stundar. Allt þetta ætlum við að ræða í Yggdrasil."

Edda á merkisafmæli á morgun og heldur upp á það með námskeiði í Manni lifandi sem hún gefur þann litla og kurteislega titil „Ertu andlegt og líkamlegt eitrefnaúrgangsruslaskrímli?" Hann verður hún að skýra nánar. „Já, ég segi frá því þegar ég byrjaði á Kákasusgerlinum og svo Himalajasveppnum og bruddi þaratóflurnar. Lærði þetta allt af ömmu minni sem hafði alla sína visku úr dönsku blöðunum. Þau voru mikill fróðleiksbrunnur en síðar hafa komið viðbætur.

Þótt allt sé í spaugsumum dúr hjá mér er það grafalvarlegt mál að við erum að drepa okkur á aukæfnum bæði í mat og snyrtivörum og eftirlitið hér heima er mjög lélegt. Ef það má setja erfðabreytt matvæli hér á markað án þess að merkja þau þá er það bara skítþjónusta og henni verðum við að breyta."

gun@frettabladid.is



Toyota Hilux D/C
2,5 – 5 gíra, 33" breyttur
11/2006. ek. 13 þ. km.
Verð 3.250.000.



Toyota Tacoma D/C
6 gíra, 35" breyttur
04/2005 ek. 12 þ. km.
Verð 3.700.000.



MMC Pajero Turbo
diesel, "33 breyttur
09/1999.
ek. 169 þ. km.
Verð 1.590.000.



Land Rover Discovery - Diesel
02/1998. ek. 162 þ. km.
Verð 890.000.



Nissan Patrol LE
5 gíra 38" breyttur
09/1999. ek. 135 þ. km.
Verð 3.050.000.



Isuzu Trooper
5 gíra - "38 breyttur
2/1999.
ek. 128 þ. km.
Verð 2.190.000.



Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900 • jeppar.is



Er brotló ljós?
Beygló bretti?
Ónýtur stýrisendi?
Slitnir bremsuklossar?

varahlutir.is
Smiðuvegur 8 (rauð gata) Kópavogi S. 511-2222

**STÝRISENDAR,
SPINDILKÚLUR
OG FÓÐRINGAR**
í jeppa í miklu úrvali

Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar

**ÖKU
SKÓLINN
Í MJÖDD**

Næsta námskeið byrjar **19. september**
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Kraftmikill vinnuþjarkur

Góður kraftur og kraftmikið tog er það sem einkennir pallbílinn Toyota Hilux.

Japanski pallbílinn Toyota Hilux á sér langa og farsæla sögu en fyrsti bílinn var framleiddur árið 1967. Mikið vatn er runnið til sjávar og bílinn hefur þróast mikið að gæðum og útliti þó að megin-markmiðið hafi alltaf verið það sama, að smíða fjölhæfan vinnuþjark.

Hönnuðum hefur vel tekist til. Ávalar útlínur gera bílinn aðlaðandi og þegar inn er litið sést að hönnuðir hafa lagt mikla áherslu á að fegra útlit mælaborðsins frá fyrri títum. Rafdrifnar rúður, samlæsing og glasahaldarar eru ágæt viðbót en þó er allt í minimalískum stíl, ekkert óhóf og allt gert úr endingargóðu plasti. Ekki furða að bílinn sé vinsæll meðal veiði- og hestamanna.

Útivistarfolk sækist eftir að geta dregið hestakerrur eða annars konar kerrur án mikillar fyrirhafnar, og hefur Hilux mikinn togkraft. Reynsluekið var bíl með þriggja lítra dísilvél og skilar hún togi upp á 343 Nm við 1.400-3.400 snúninga. Bílinn getur því dregið eftirvagn með hemlabúnaði sem er 2.250 kg að þyngd.

Hilux er gerður til að bera mikinn þunga en á pallinn á Hilux Double Cab má setja 930 kg. Þetta er að sjálfsgöðu mjög jákvætt en á móti kemur að til að geta borið svo mikinn þunga þarf fjöðrunin að vera mjög stíf. Þetta gerir það að verkum að Hilux er ekki mjög þægilegur ferða-



Toyota Hilux er kraftmikill vinnuþjarkur og hentar vel þeim sem þurfa bíl sem getur borið þungar byrðar.

bíll á hörðum malarvegum. Með enga þyngd á pallinum hristast farþegar og afturendi bílsins á það til að dansa til og frá. Oft verður fjöðrunin skárri þegar búíð er að hækka og breyta bílunum en það er einmitt mjög vinsælt meðal Hilux-eigenda enda vilja margir nota hann til að

HILUX D/C 4WD TURBO DÍSIL

Vél: 3 lítra dísil sjálfskiptur
Afl: 171 hð, 343 Nm
Þyngd: 1.840-1.890 kg
Eyðsla: 9,1 l/100 km
Verð: 3.190.000 kr



aka á fjöll og jökla.

Ekki er Hiluxinn þó alsælur ferðabíll, sérstaklega býður þriggja lítra vélin upp á mjög góðan kraft. Sjálfskiptingin er mjúk og þægileg og skriðstillirinn gerir langferðir mun ánægjulegri. Í heildina er Toyota Hilux því

Sniðugt fyrir hundaeigendur. Ef þú vilt ekki hafa hundinn á köldum pallinum er hægt að setja bekkinn upp. Þannig fær hundurinn nóg pláss og sætið helst hreint.

frábær fyrir þá sem þurfa bíl sem getur borið, togað og sigrað fjöll og jökla.

solveig@frettabladid.is



Mælaborðið hefur tekið miklum framförum síðastliðin ár og er nokkuð snyrtilegt þó að einskis óhófs gæti.

Mudder & míkroskurður

Dúndurtilboð á jeppadekkjum til 15. september!

25% afsláttur af völdum stærðum af „Mudder“ og míkroskurði

TILBOÐ

GT RADIAL

Dekkjastærðir á sértíloði:

31"	31x10.50R15, M/T	10.900
33"	33x12.50R15, M/T	11.900
33"	285/75R16, M/T	12.900
33"	305/70R16, M/T	14.900

Við getum líka neglt dekkinn fyrir veturinn!

Eigum einnig úrval af öðrum stærðum af heilsársdekkjum fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga á hagstæðu verði.

Tilboð á míkroskurði gildir aðeins með dekkjum á tilboði.

JEPPADEKK.is

ALORKA • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

Taktu þátt
Skilaðu blaðinu
að lestri loknum
til endurvinnslu
í gám merktan
dagblöð

lesum → skilum → endurvinnnum



Á ótroðnar slóðir

Óriental er íslensk ferða-
skrifstofa sem sérhæfir sig í
alvöru ævintýraferðum um
Suðaustur-Asíu.

Austurlenska ævintýrafélagið Óriental selur Íslendingum ævintýri í Suðaustur-Asíu á stöðum eins og Balí, Taílandi og Kambódíu. Hvort sem það eru hjólaferðir, gönguferðir, unaðsferðir eða golf-ferðir eiga þær það sameiginlegt að innihalda ævintýri og vera frábrugðnar hefðbundnum túristaferðum. Óriental er eina íslenska ferðskrifstofan sem sérhæfir sig í Suðaustur-Asíu og eru einungis ferðir í boði sem liðsmenn ævintýrafélagsins hafa reynt sjálfir og þjónusta og gististaðir sem þeir hafa góða reynslu af. Hver ferð er sett saman af Íslendingum sem hafa reynslu og þekkingu á svæðinu. „Við erum Íslendingar sem höfum numið land í Asíu. Við erum á heimavígstöðum hvort sem er í öngstræti Phnom Penh, í fjöllum Gullna þríhyrningsins eða á ströndum Balí,“ segir á vefsíðu Óriental.

Viktor Sveinsson er stofnandi



Markmið Óriental er að leiða ferðalanga sína frá hefðbundnum ferðamanna-sýningum og út í hið raunverulega líf í Asíu.

og annar eigandi Óriental og er búsettur í Bangkok og á Balí. „Ég sem gamall ferðalangur er kominn með óþol á túristasýningum og vil því leiða fólk framhjá slíku í okkar ferðum og veita því persónulegan aðgang að ævintýrinu,“ segir Viktor spurður um inntak ferðanna.

Hver ferð er einstaklingsmiðuð og því ekki um eiginlegar hópferðir að ræða. „Við erum ekki með umönnunarferðir og því er nægur frjáls tími. Hins vegar höfum við varðað leiðina í öllum tilvikum svo ferðalangarnir eigi örugga ferð alla leið. Ævintýrið Asía er það stórt fyrir að við erum ekkert að bjóða upp á óvæntar uppkomur eins og að þurfa að leita sér að leigubíl eftir langa flugferð,“ segir Viktor.

Í október býður Óriental upp á ferð til Balí og best er að grípa niður í ferðalýsingu til að gefa dæmi um hvers konar ævintýri Óriental vill leiða ferðalanga sína út í. „Þú fleytir þér yfir kröftug boðaföll í gummibát niður fögur gljúfur og uppgötvar alveg nýja tilfinningu. Þú stígur á fjallahjól eða þrammar forna slóða upp eftir eldfjöllum og í gegnum dularhljóða frumskóga. Þú kafar niður í undirdjúpin í kafbát eða með eigin froskalappir. Svo raðar þú í þig kræsingum á svölum ressa undir stjörnuþjórtum himni.“

Frekari ferðalýsingar og upplýsingar um ferðir er að finna á vefsíðunni www.oriental.is.

kristineva@frettabladid.is



Í október er skipulögð ferð til Balí á vegum Óriental. Slökun og dýrleg ævintýri voru leiðarljós við alla skipulagningu.

Fjór hjólaferðir

UM HAUKADALSSKÓG OG NÁGRENNI

FYRIRTÆKJAHÓPAR HÓPEFLI

KÍKTU Á FJORHJOL.IS • S: 892 0566 / 892 4810



Barcelona

í 15 ár hjá Heimsferðum

frá kr. 19.990

Heimsferðir hafa boðið beint leiguflug til Barcelona undanfarin 15 ár. Í haust og á næsta ári verðum við með tvö flug í viku til Barcelona og m.a. beint morguflug næsta vor. Þessi einstaka borg býður allt það sem maður óskar sér í borgarferð. Góð hótél í boði. Sérþöntum miða á leiki með Barcelona og Espanol ef óskað er.



Frá 19.990 kr.

Flugsæti báðar leiðir með sköttum
1.-4. okt., 8.-11. okt., 15.-18. okt., 21.-25. okt.,
28. okt. - 1. nóv., 5.-8. nóv., 12.-15. nóv.,
19.-22. nóv., 10.-13. mars, 24.-28. mars.,
31. mars - 3. apríl, 7.-10. apríl, 14.-17. apríl,
21.-24. apríl, 28. apríl - 1. maí, 5.-8. maí.
Netverð á mann.

Borgin sem allir elska!

Frá 34.990 kr.

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Atlantis með morgunmat 5. nóv., 12. nóv. eða 19. nóv.

- Frábært að versla
- Iðandi mannlíf
- Fjörugt næturlíf
- Fjölskrúðugt menningarlíf
- Áhugaverðar kynnisferðir með íslenskum fararstjórum Heimsferða
- FC Barcelona - spænski boltinn

BÓKAÐU NÚNA!



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is



HANDVERKFAERI

Við bjóðum mikið úrval af gæða handverkfærum.
Einnig eigum við úrval af rafmagns- og loftverkfærum.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 • SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS

FordEscape AWD



Nýtt tákni um gæði



Kaffi og kleinur
frumsýning

Komdu í Brimborg í dag
Akureyri, Reykjavík

Ford Escape - nýtt tákni um félagslegan hreyfanleika

Komdu í Brimborg - prófaðu nýjan sportjeppa frá Ford

Með einbeigni og góðum vilja rætast allar óskir. Ný tákni verða til. Þú verður það sem þú vilt vera. Óhindrað hreyfir þú þig milli fólks. Vekur athygli. Skapar eftirtekt. Breyttu viðhorfi þínu til lífsins: nýr og endurhannaður Ford Escape uppfyllir ósk um meiri hreyfanleika. Glæsilegur í alla staði. Á hvaða stað sem er - í bænum meðal fólks eða uppá fjalli með fjölskyldunni. Komdu í Brimborg í dag. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Escape AWD, sportjeppann frá Ford. Nýtt tákni um lífsgæði.

Ford Escape AWD Genuine Design. Hönnun Ford Escape sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Escape merkir að þú færð sterkari og fallettri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vishæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Escape AWD.

Nýtt tákni um lífsgæði

FORD ESCAPE AWD
5 dyra, sjálfskiptur
Verð frá 3.350.000 kr.*


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

Öruggur staður til að vera á

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Bill á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Þrefaldur
pottur **3**

210
milljónir

Bónus-
vinningur
23
milljónir

170+40

I. vinningur



**Þrefaldur pottur milljónfaldur
vinningur!**

Nú er komin upp sú sjaldgæfa staða að þú getur hugsanlega unnið þrefaldan pott í Víkingalottóinu og þar að auki allt að 23 milljónir í bónusvinning. Mundu að allt er þá þrennt er!

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Fáðu þér miða fyrir kl. 16
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

MIDASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á BORGARLEIKHUS.IS



MAGNÚS ÓLAFSSON

STUÐ MILLI STRÍÐA Grátlegar sagnbeygingar

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SLÆR UM SIG MEÐ MÁLI MÁLANNA



Síðustu daga hafa tungumál og málakunnátta verið mér ofarlega í huga. Ég hef grobbað mig agalega af dugnaði nýs meðlims fjöskyldunnar, sem fluttist hingað til lands frá Englandi í byrjun árs og talar betri íslensku en margir innfæddir Frónbúar sem á vegi mínum verða. Ég hef, mér til mikillar ánægju, komist að því að ég er ekki alveg búin að gleyma sænskunni minni. Ég hef líka áttað mig á því að það allra gagnlegasta sem ég hef lært á námsferli mínum er latína. Hún er málið.

Á hverju ári þarf nýtt holl af

skólakrökkum að gera einhvern hluta framtíðar sinnar upp við sig – ætla þeir á náttúrufræðibraut eða í félagsfræði, í iðnskóla eða á málbraut. Þegar ég var að velja þetta, fyrir löngu síðan, var það mér alveg ljóst að allir alvöru námsmenn og krakkar fóru leið stærðfræði og líffræði. Við hin dunduðum okkur í tvöföldum ellum spænskunnar eða gerðum hálsteygjur í vonlausri viðleitni til að ná rétta korrinu í frönsku errin. Það er hins vegar bara reginmisskilningur að tungumálanám sé létt. Töflur yfir sagnbeygingar og fallbeygingar, skyldleiki orða, setningafræði og önnur skemmtilegheit eru alveg jafn flókin fyrirbæri og diffrun eða

tegrun eða hvað þetta heitir allt saman. Ef einhver efast um þetta þarf ekki meira en að kíkja á sagnbeygingar í forngrísku. Þær græta jafnvel hörðustu menn og lærðustu stærðfræðinga. Sagnir í grísku hafa fjóra hætti, þrjár myndir og þrjár persónur og beygjast í sjö tímum. Í latínu hafa sagnir sex tímur og nafnorð beygjast í sjö föllum. Og grátiði nú.

Latínunnar minnar vegna get ég stautað mig í gegnum dálítið af spænsku, frönsku og ítölsku og á betra með ensku. Ég get þar að auki slegið um mig með frösom á borð við amor vincit omnia eða alea iacta est. Það segir mér enginn að stærðfræðiformúla hafi sömu áhrif.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÍSLENSKA ÓPERAN Hópur listamanna sem stendur að sviðsetningunni á Ariadne eftir Strauss.

Mynd/Íslenska óperan

Fjölbreytt vetrardagskrá

Íslenska óperan opinberaði nýverið vetrardagskrá sína. Meðal efnis á dagskrá eru óperurnar Ariadne auf Naxos, La Traviata og frumsaminn söngleikur um ævi Janis Joplin eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Stefán Baldursson óperustjóri segir fjölbreytni í verkefnavali einkenna dagskrána. Veturinn hefst hinn 4. október á frumsýningu á óperunni Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss. Óperan var fyrst frumsýnd árið 1912 og er skemmtileg blanda af gamanleik og hefðbundinni óperu. Þetta er í fyrsta skipti sem óperan er sett upp hérlendis.

„Sextán íslenskir einsöngvarar taka þátt í verkinu og er gaman að hafa svo fjölmennan hóp söngvara samankominn. Sumir söngvaranna starfa mestmegnis erlendis og koma sérstaklega heim til þess að taka þátt í þessari óperu. Aðrir eru ungir söngvarar að stíga sín fyrstu skref á sviði. Þetta er ein vinsælasta ópera

Richards Strauss og hefur líkast til verið sett upp oftast allra hans ópera að undanskilinni Salome.“ Aðalhlutverkin í Ariadne auf Naxos verða í höndum Hönnu Dóru Sturludóttur og Arndísar Höllu Ásgeirsdóttur.

Ný Traviata í febrúar

Eftir áramót verður svo boðið upp á óperuna La Traviata eftir Verdi. „Það hefur verið stefna íslensku óperunnar undanfarin ár að bjóða mestmegnis upp á verk sem ekki hafa verið flutt áður hérlendis. Það má því líta á það sem hálfgerða stefnuvirkun mína að setja upp þetta verk sem var síðast flutt hér fyrir rúmum áratug. Að mínu mati má ekki vanrækja klassísk verk eins og þessi. Okkur ber að setja þau upp reglulega til þess að gefa nýjum kynslóðum óperuunnenda tækifæri til þess að upplifa þau.“ Eitt af burðarhlutverkum La Traviata, hlutverk Violetu, verður í höndum Sigrúnar Pálmadóttur ungrar íslenskrar söngkonu sem þreytir frumraun sína í einsöngshlutverki við Íslensku óperuna. Sigrún hefur undanfarin ár verið fastráðin við óperuna í Bonn

þar sem hún hefur fengið frábærar viðtökur, meðal annars fyrir hlutverk sitt sem Lucia Di Lammermoor í samnefndri óperu eftir Gaetano Donizetti.

Óli Haukur heiðrar Joplin

